



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 8. mars 2019

R19030076

Borgarráð

Þönglabakki 4, auglýsing eftir leigutaka

Óskað er eftir heimild borgarráðs til þess að auglýsa eftir leigutaka fyrir jarðhæð byggingarinnar að Þönglabakka 4.

Greinargerð

Reykjavíkurborg á fasteign við Þönglabakka 4 í Mjódd þar sem hluti af jarðhæð gegnir hlutverki biðstöðvar Strætó. Á árinu 2015 var auglýst eftir áhugasömum aðilum sem hefðu áhuga á að vera með rekstur í þessu húsnæði samhliða því að sjá um farþega strætó. Auglýsing skilaði ekki árangri.

Lagt er til að auglýst verði aftur eftir leigutaka sem setji inn í rýmið þjónustu sem auki gæði rýmisins fyrir farþega Strætó.

Virðingarfyllst

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Auglýsing frá árinu 2015.

Tækifæri fyrir verslun og veitingar í Mjódd

Reykjavíkurborg tekur brátt yfir húsnæði Strætó í Mjódd og leitar að rekstraraðila til samstarfs. Nýr rekstraraðili mun taka þátt í að skipuleggja breytingar á hlutverki húsnæðisins í samvinnu við Reykjavíkurborg og núverandi rekstraraðila í Mjódd. Hann velur verslanir og veitingastaði til samstarfs, aflar tilskilinna leyfa, sér um kynningar- og markaðsmál og annast allan daglegan rekstur hússins, þar með talið rekstur á salernum og öryggisvörslu.

Í Mjódd er áhugavert tækifæri fyrir veitingarekstur sem fer vel með hlutverki húsnæðisins sem þjónustustöð Strætó. Stöðin gegnir mikilvægu hlutverki innan leiðarkerfis Strætó og fara yfir 3.000 manns um hana daglega. Gert er ráð fyrir því að staðurinn auki fjölbreytni þjónustu í nærumhverfi hans og dragi til sín fólk og verði öllum opin.

Áhugasamir sendi umsókn á netfangið sea@reykjavik.is í síðasta lagi 6. júlí 2015 ásamt hugmyndum um reksturinn, viðskiptaáætlun og upplýsingum um rekstraraðila.

Við val á rekstraraðila verða nýnæmi hugmyndar, hönnun og útlit, tenging við anda skipulags á svæðinu, þekking, reynsla og fjárhagsgeta hans ásamt viðskiptahugmynd metin.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á reykjavik.is/leiga

